

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti
150 Reykjavík

Athugasemdir vegna breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar um breytingu á þingsályktun nr. 13/141 (áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða) og frávísunartillögu minnihluta atvinnuveganefndar – 244. mál, 144. löggjafarþing.

Ég lýsi yfir eindreginni andstöðu við tillögu meirihluta atvinnuveganefndar um að flytja 5 virkjunarkosti úr biðflokki í nýtingarflokk og tek undir frávísunartillögu minnihlutans.

Þann 5. nóvember 2014 sendi ég inn athugasemdir við mál 244, tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, þar sem ég mótmælti því að Hvammsvirkjun yrði færð í nýtingarflokk rammaáætlunar. Standa þau rök og mótmæli enn og eiga þau einnig við um Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun.

Virðingarfyllst,

Ólafur Jónsson kt. 3005535469
Eystra-Geldingaholti,
Skeiða- og Gnúpverjahreppi